

MINNISBLAÐ

DAGS.

18.06.2024

SENDANDI

EFLA verkfræðistofa.

MÁLEFNI

Umsagnir og viðbrögð við þeim.

DREIFING

Skipulagsfulltrúi Múlaþings.

Umsagnir sem bárust vegna vinnslutillögu aðalskipulagsbreytingar og viðbrögð við þeim:

Athugasemdir	Viðbrögð við athugasemdum
Skipulagsstofnun – dags. 12.03.24	
Stofnunin mun taka tillöguna til skoðunar þegar hún verður send stofnunni til athugunar fyrir auglýsingu ásamt stafrænum gögnum og viðeigandi fylgiskjölum þ.m.t. framkomnum umsögnum.	Þarfnast ekki viðbragða.
FARICE – dags. 22.03.24	
Farice ehf. vill benda á að á hluta af því svæði sem til stendur að fara í framkvæmdir á eru jarðskaut sem mikilvægt er að ekki verði fyrir hnjaski eða skemmdum. Þessi skaut eru lífæð fyrir FARICE-1 sæstrenginn og getur valdið miklum truflunum á útlandasamböndum ef þau skemmast.	Óskað var eftir hnitsettri staðsetningu á skautum. Skv. hnitsettum gögnum sem bárust frá FARICE þá eru engar framkvæmdir fyrirhugaðar á svæðinu þar sem skautin eru.
Samband sveitarfélaga á Austurlandi – dags 25.03.24	
Svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Austurlandi gerir ekki efnislegar athugasemdir við vinnslutillöguna að svo stöddu. Nefndin fagnar því að hugað sé að samræmi skipulags- og matslýsingarinnar við Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044 og hvetur sveitarfélagið til að hafa áfram í huga þau markmið og þá framtíðarsýn sem sett er fram í svæðisskipulaginu.	Þarfnast ekki viðbragða. Kemur fram í kafla 2.6.2 að breytingin horfir til Svæðisskipulags Austurlands.
Tækniminjasafnið og hönnunarteymi nýs safnasvæðis við Lónsleiru – dags 03.04.24	
Safnið verður mikil lyftistöng fyrir bæinn og mun ljá Lóninu einstakan blæ. Það er því mikilvægt að safnið og safnasvæðið fái að njóta þess að vera í forgrunni á svæðinu og að Angró njóti sín sem kennileiti við Lónsbakkann með tilsýn úr öllum áttum. Huga þarf að því við uppbyggingu á aðliggjandi lóð að ekki sé dregið úr áhrifum Angró og safnasvæðisins við Lónsbakkann. Því er tekið er tekið fagnandi að önnur hús sem skipulögð eru séu nokkuð aftar á svæðinu frá Lóninu sé sem styður við hugmyndafræði safnsins um að Angró fái að vera kennileiti við Lónið.	Tekið er undir það að safnið verði að fá að njóta þess að vera í forgrunni á svæðinu og vera kennileiti við Lónsbakkann.
Hönnun safnahúsa mun aðlaga sig að þessum hæðarkótum en mikilvægt er að huga að aðlögun lands og hafnargörðum samhliða uppbyggingu safnins. Forsvarsmenn safnsins, og hönnuðir húsa þess, óska eftir samstarfi og samráði við hönnun hafnargarða sem falla vel að hönnun safnsins, bryggju- og lóðarhönnun.	Tekið er undir þetta.

Minjastofnun Íslands – dags.17.04.24	
Bendir á að færa þarf merkingu fyrir friðlýst hús inn á aðalskipulagsupprátt.	Ekki eru friðlýst hús merkt inn á gildandi uppdrátt Seyðisfjarðarkaupstaðar – vísað er þessu í vinnu við endurskoðun aðalskipulags Múlaþings sem nú stendur yfir.
Samgöngustofa – dags. 18.04.24	
Hefur ekki neina athugasemd.	Þarfnast ekki viðbragða.

Umsagnir sem bárust vegna vinnslutillögu deiliskipulagsbreytingar og viðbrögð við þeim:

Athugasemdir	Viðbrögð við athugasemdum
Skipulagsstofnun – dags. 12.03.24	
Stofnunin bendir á að það er ekki lögbundið hlutverk stofnunarinnar að gefa umsögn um tillögur að deiliskipulagi á kynningartíma og telur því ekki tilefni til að gefa umsögn um tillöguna á þessu stigi málsins	Þarfnast ekki viðbragða.
Samband sveitarfélaga á Austurlandi – dags. 25.03.24	
Svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Austurlandi gerir ekki efnislegar athugasemdir við breytinguna.	Þarfnast ekki viðbragða.
Tækniminjasafnið og hönnunarteymi nýs safnasvæðis við Lónsleiru – dags 03.04.24	
Safnið verður mikil lyftistöng fyrir bæinn og mun ljó Lóninu einstakan blæ. Það er því mikilvægt að safnið og safnasvæðið fái að njóta þess að vera í forgrunni á svæðinu og að Angró njóti sín sem kennileiti við Lónsbakkann með tilsýn úr öllum áttum. Huga þarf að því við uppbyggingu á aðliggjandi lóð að ekki sé dregið úr áhrifum Angró og safnasvæðisins við Lónsbakkann. Því er tekið er tekið fagnandi að önnur hús sem skipulögð eru séu nokkuð aftar á svæðinu frá Lóninu sé sem styður við hugmyndafræði safnsins um að Angró fái að vera kennileiti við Lónið.	Tekið er undir það að safnið verði að fá að njóta þess að vera í forgrunni á svæðinu og vera kennileiti við Lónsbakkann.
Hönnun safnahúsa mun aðlaga sig að þessum hæðarkótum en mikilvægt er að huga að aðlögun lands og hafnargörðum samhliða uppbyggingu safnins. Forsvarsmenn safnsins, og hönnuðir húsa þess, óska eftir samstarfi og samráði við hönnun hafnargarða sem falla vel að hönnun safnsins, bryggju- og lóðarhönnun.	Tekið er undir þetta.
RARÍK – dags. 10.04.24	
Árið 2002 var tekinn í notkun nýtt strengsett sem lagt var á milli aðveitustöðva RARÍK. Milli Garðarsveggar 15 og Strandarveggar 2 í tengslum við orkuskipti í bræðslum landsins. Umræddum stengjum hefur áður verið komið á framfæri í skipulagsvinnunni, að kvaðir um lagnaleiðir/helgunarsvæði sé þörf. Helgunarsvæði sést ekki nema að hluta á skipulagsupprættinum.	Óskað var eftir stafrænum gögnum af umræddum streng og strengur færður inn á deiliskipulagsupprátt. Byggingarreitir við Lónsleiru 1 og 3 voru færðir af lagnaleið strengsins en jafnframt liggur strengurinn inn lóðar. Skv. upplýsingum frá skipulagsfulltrúa Múlaþings er búið að koma upplýsingum um háspennustrenginn til framkvæmdaraðila Lónsleiru 11(Ríkið).
Bragi Blumenstein – dags. 15.04.24	
Umsögn varðar einkum lóðir við Lónsleiru 11, 5 og 3. <ul style="list-style-type: none"> Óskað er eftir að húsin muni hafa mænisstefnu í SV-NA eins og sjóhúsin sem sem fyrirhugað er að byggja á safnasvæðinu. Óskað er eftir því að byggingareitir Lónsleiru 5 veðri framlengdur út fyrir varnargarð lónsins. Húsið verði byggt á landi en bryggja/pallur fyrir framan hús mun ná yfir varnargarð. Göngustígur 	Nefndin samþykkir ekki lengingu á byggingarreit Lónsleiru 5 út í Lónið þar sem lengingin er ekki talin samræmast þeim hugmyndum um safnasvæðið. Með lengingu verður Angró ekki lengur í forgrunni úr ákveðnum áttum og fær ekki að njóta sín sem kennileiti svæðinu.

<p>sem fyrirhugaður er umhverfis lónið mun halda sé og verður hægt að ganga fyrir framan húsið.</p> <ul style="list-style-type: none"> Óskað er eftir nánari umfjöllun og útskýringum vegna breytinga á lóðum 3 og 5. 	<p>Einnig telur nefndin að tryggja verði gönguleið meðfram Lóninu til framtíðar.</p> <p>Fallið er frá breytingum á lóðum 3 og 5. Einungis er byggingarreitur færður til á lóðum 1 og 3 vegna háspennustrengs.</p>
<p>Umhverfisstofnun – dags. 10.04.24</p>	
<p>Lög um stjórn vatnamála Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjalla um lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027 í greinargerð. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsbreytingarinnar á vatnshlot þar sem fyrirséð er áлага á vatn. Vatnshlotið sem um ræðir er strandsjárvarvatnshlotið Seyðisfjörður (102-1322-C)</p>	<p>Greinargerð uppfærð og vitnað í Vatnaáætlun 2022-2027.</p>
<p>Landfylling og dýpkunarefni Umhverfisstofnun bendir á að sumt af því efni(dýpkunarefni) sem tekið er upp eða hreyft til getur verið mengað af þungmálum, þrávirkum lífrænum efnum eða öðrum mengandi efnum. Ekki kemur fram í greinargerð hvort hafsbót hafnarinnar sé mengaður.</p>	<p>Ekki verður fjarlæggt efni af hafsbotni en efni mögulega hliðrað til í smábátahöfninni til að jafna út dýpi.</p>
<p>Minjastofnun Íslands – 17.04.24</p>	
<p>Færa þarf inn á skipulagsupprátt fyrirbyggjandi fornleifaskráningu með staðsetningarpunkt.</p>	<p>Staðsetning minja færð inn á upprátt.</p>
<p>Innan skipulagssvæðis standa fjórar byggingar, tvær af þeim falla undir verndarákvæði laga um menningarminjar. Skrá þarf þau hús inn í húsaskráningarform Minjastofnunar Íslands og gera grein fyrir þeim með viðeigandi litamerkingu á skipulagsupprátti.</p>	<p>Litamerkin færð inn á upprátt.</p> <p>Gamla ríkið og Þórshamar hafa verið skráð í húsaskráningarform MÍ og send á minjavörð Austurlands.</p>
<p>Í greinargerð er mikilvægt að að komi fram að allar breytingar á friðuðum húsum, friðlýstum og umsagnarskyldum húsum þurfa að berast stofnunni og verkja sérstaka athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.</p>	<p>Texti uppfærður í kafla 2.3 Minjar.</p>
<p>Minnir á að allar framkvæmdir innan ofangreinds deiliskipulags sem og frekari breytingar þrúfi að koma inn til umsagnar hjá stofnuninni sökum þess að skipulagið tók ekki mið af menningarminjum þegar það var kynnt á sínum tíma.</p>	<p>Þarfnast ekki viðbragða – kemur fram í kafla 2.3 Minjar.</p>
<p>Samgöngustofa – dags. 18.04.24</p>	
<p>Samgöngustofa gerir ekki athugasemdir um breytingu á deiliskipulagi hafnarinnar.</p>	<p>Þarfnast ekki viðbragða.</p>
<p>Verðurstofa Íslands – dags. 02.05.24</p>	
<p>Á deiliskipulagsuppráttinum eru bæði hættumatslinur B- og C- mektar sem C- línur.</p>	<p>Uppdráttur lagfærður.</p>
<p>Um hættusvæði á áður óbyggðum svæðum gilda 16. og 11. gr. í reglugerð 505/2000 með síðari breytingum í 11. Gr. segir: „Óheimilt er að skipuleggja íbúðarbyggð, frístundabyggð eða svæði fyrir atvinnustarfsemi á áður óbyggðum svæðum nema tryggt sé að áhætta fólks m.t.t. ofanflóða verði ásættanleg, sbr. 11. gr.“ Þessi skilyrði eru strangari en þau sem vísað eru til í greinargerðinni.</p>	<p>Ekki er um að ræða óbyggð svæði.</p>